

## Innra mat Þjórsárskóla 2021-2022

Unnið af Bolette og Kristínu

Eins og kveðið er á um í lögum um grunn- og framhaldsskóla ber öllum grunnskólum að marka sér stefnu í innra mati og vinna eftir henni. Innra mati er ætlað að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögnum. Innra matinu er einnig ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðsluyfirvöldum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Í Skólastefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps er lögð áhersla á að fjölbreytni í námi og kennsluháttum sé undirstaða þroska, velferðar og menntunar nemenda.

Þetta skólaárið var áherslan í innra mati á viðburði á vegum skólans, hvort þeir eigi rétt á sér og hvenær dagsins sé best að hafa þá. Útbúnir voru spurningalistar sem lagðir voru fyrir foreldra og nemendur.

Skólaár	Verkefni	Markmið	Aðferð
2021-2022	Viðburðir á vegum skólans. Skólapúlsinn hjá 6.-7. bekk.	Eiga viðburðir eins og t.d. skíðaferðir og árshátíð rétt á sér og hvenær dags er best að hafa þá?	Spurningalistar til foreldra og nemenda.

### Framkvæmd Unnin í febrúar 2022

Búin var til spurningakönnun um viðburði á vegum skólans, sem lögð var fyrir foreldra og nemendur.

**Foreldrar – Spurningakönnun var lögð fyrir í rafrænu formi. Skólanum bárust svör frá 26 heimilum af 31.**

**Öskudagsskemmtun** - Ball hefur verið í Árnes. Nemendur hafa verið í skólanum fram að hádegi. Spurt var um viðburðinn, tímasetningu og skipulag,

**Niðurstöður:** Flestir foreldrar vildu hafa skemmtunina eins og hún hefur verið (18).

Hafa skemmtunina eftir hádegi (7)

Foreldrar sjá um skemmtunina eftir skóla (0)

Sleppa viðburði (0)

Annað (1) Hafa öskudagsskemmtun eftir hádegi og hefðbundinn skóladag þangað til.

**Skíða og skautuferð** – Farið hefur verið annað hvert ár á skíði og skauta.

**Niðurstöður:** Flestir vildu hafa viðburðinn óbreyttan (21)

Hafa bæði skíðaferð og skautuferð árlega (2)

Sleppa viðburði (2)

Annað (1): Hafa óbreytt en ef ekki er farið, gera eitthvað annað í staðinn.

**Árshátíð:** Hefð hefur verið fyrir því að árshátíðin sé á föstudagskvöldi og hún endi með kaffi í boði foreldrafélagsins. Hvaða tími myndi henta best ykkar fjölskyldu?

**Niðurstöður:** Flestir vilja hafa tímasetningu óbreytta kl. 20 (13)

Kl. 13 (3)

Kl. 16 (8)

Sleppa viðburði (0)

Annað(2):

- Á virkum degi kl. 13
- 13 eða 16 er fínt, alls ekki seint um kvöld

**Aðrir viðburðir:** Hvaða tími dagsins hentar best ykkar fjölskyldu fyrir viðburði á vegum skólans?

**Niðurstöður:** Flestir vilja hafa viðburði kl. 13 (16)

Kl. 8.30 (4)

Kl. 11.00 (4)

Annað (1): Erfitt að segja, fer eftir því hvaða dagur og erfitt að finna góðan tíma fyrir alla.

**Útilegan:** Hefð hefur verið fyrir því að fara í útilegu með alla nemendur skólans í upphafi skólaárs og gista eina nótt á tjaldstæði.

**Niðurstöður:** Flestir vilja hafa viðburðinn óbreyttan (20)

Óparfi að gista (1)

Sleppa viðburði (1)

Annað (4)

- Frábær viðburður endilega halda því áfram
- Gista í skála eða tjaldi í maí. Þá eru minnstu börnin stærri og öruggari innan um starfsfólk

- Gista í Hólaskógi eða Kletti
- Hef ekki skoðun. Fegin þegar ekki er gist því þetta er talsvert stúss og reddingar á vinnutíma en á móti kemur að útilegan getur verið frábært hópefli svo ég ætla að vera jákvæð.

***Viðburðir sem foreldrar myndu vilja bæta við og taka þátt í.***

***Niðurstöður:*** Flestum finnst þetta fínt eins og þetta er (19)

Hugmyndir frá foreldrum:

- Vettvangsferð skoða fyrirtæki í sveitarfélaginu (eldri nemendur)
- Má alltaf bæta og breyta en er ekki með hugmyndir eins og staðan er
- Kannski mini skólahreysti þar sem keppt væri í blönduðum hópi, stórir og smáir saman og enda á grillveislu (hreyfing og samvinna).
- Tónlistarviðburð, tónleikar fyrir þá sem æfa á hljóðfæri og fá tækifæri til að æfa sig að koma fram (bara fyrir nemendur og kennara)
- Bjóða eldri borgurum á upplestur/ljóðalestur og kannski enda á spilastund. Samstarf við eldri borgara og skemmtileg kynslóðasamvera
- Bjóða foreldrum með í skogarferð
- Ferðir á sveitabæi
- Grænmetisgarður (bjóða foreldrum í skólann þegar taka á upp grænmeti.
- Jólaföndurdagur

***Nemendur – Spurningalisti var lagður fyrir nemendur, munnlega fyrir nemendur á yngsta stigi og skriflega fyrir nemendur á eldra stigi.***

**Öskudagsskemmtun** – Ball hefur verið í Árnesi. Nemendur hafa verið í skólanum fram að hádegi. Spurt var um viðburðinn, tímasetningu og skipulag,

***Niðurstöður:*** Flestir nemendur vildu hafa skemmtunina og öskudaginn eins og hann hefur verið (30 af 41 nemendur). En hér koma hugmyndir frá nokkrum nemendum um hvað væri hægt að gera öðruvísi:

- Hafa náttfatadag í staðinn (2 nemendur)
- Hafa viðburðinn eftir skóla með foreldrum (8 nemendur)
- Sleppa öskudagsskemmtun (1 nemandi)
- Gista í skólanum
- Vera með skemmtun allan daginn
- Setja nammi í tunnurnar
- Horfa á mynd

**Þátttaka foreldra í skólastarfi** – Spurt var um það hvort nemendur myndu vilja hafa foreldra sína oftari með í skólastarfi eins og t.d. í skógarferðum.

***Niðurstöður:*** Meirihluti nemenda vildi hafa foreldra með í skólastarfinu oftari eða stundum.

- Hafa foreldra oftari með í skólastarfi (10 nemendur)
- Hafa foreldra stundum með í skólastarfi (23 nemendur)

- Ekki hafa foreldra með í skólastarfi (8 nemendur)

**Árshátíð** – Nemendur voru spurðir að því hvort þeir myndu frekar vilja hafa sýninguna að degi til eða um kvöld eins og verið hefur.

**Niðurstöður:** Langflestir nemendur vildu hafa sýninguna að kvöldi til eða 36 nemendur.

**Hugmyndir frá nemendum um öðruvísi daga:**

Útidagur, bókunardagur, frjáls dagur, “gangster” dagur, borðtennisdagur, strákar sem stelpur og öfugt, kósígalladagur, leikjastöðvar, gælurdýr í skólann, kassabíladagur, bíladagur, nammidagur, já dagur, náttfatadagur, foreldrar með allan daginn.

### Umbótaáætlun

Viðburðir	Ábendingar	Framkvæmd	Tími	Ábyrgð
Öskudagsskemmtun	Flestir vildu hafa skemmtunina eins og verið hefur.	Óbreytt	-	-
Skíða og skautuferð	Flestir vildu hafa viðburðinn óbreyttan.	Óbreytt	-	-
Árshátíð	Flestir vildu hafa tímasetninguna óbreytta.	Óbreytt	-	-
Útilegan	Flestir vildu hafa viðburðinn óbreyttan.	Óbreytt	-	-
Aðrir viðburðir	Flestir vildu hafa viðburði kl. 13.	Tökum tillit til þess	Viðburðir skólans á vorönn.	Skólastjóri

### Skólapúlsinn - Niðurstöður vorið 2022

Skólinn notar Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja þá nemendur í skólanum, sem eru á aldursbilinu 11-12 ára spurninga, um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skóla og bekkjaranda.

Nemendur svara í skólanum spurningalista á netinu. Hver nemandi svarar könnuninni einu sinni á ári og tekur það um 20 mínútur. Könnunin er hluti af innra mati skólans.

Helstu niðurstöður: Niðurstöðurnar voru jákvæðar fyrir skólann. Eftirfarandi matsþættir eru yfir landsmeðaltali og sérstaklega ánægjulegir fyrir skólann:

1. Ánægja af lestri
2. Áhugi á stærðfræði
3. Ánægja af náttúrufræði
4. Trú á eigin námsgetu
5. Tíðni hreyfingar
6. Samband nemenda og kennara

7. Agi í tímum
8. Virk þátttaka nemenda í tímum
9. Tíðni leiðsagnarmats

Það sem við þurfum að skoða betur út frá þessum niðurstöðum er stjórn á eigin lífi og sjálfsálit, sem þarf að vinna í að bæta.

Dæmi um svör nemenda: Það sem er gott við skólann minn

- Að við séum ekki mörg
- Kennarar gera allt til þess að stöðva einelti
- Flest, vinir mínir, tímarnir og sérstaklega enska
- Sumir tímar og kennarar eru skemmtilegir
- Frímínútur
- Góðir kennarar
- Góðir vinir
- Góður og hollur matur
- Góðar kennslustundir
- Við förum í útilegu með skólanum
- Það er hægt að vinna með örðum bekkjum
- Ég á góða vini
- Margt að gera í frímínútum
- Það eru fáir í skólanum

Dæmi um svör nemenda: Það sem má betur fara í skólanum mínum

- Sumir tímar
- Einn nemandi
- Fara betur með hluti
- Hávaði
- Illa talað um fólk
- Samskipti á milli krakka
- Leiktækin úti
- Mætti vera oftar bekkjarkvöld

Gott er að fara vel yfir niðurstöðurnar og taka mið af þeim í skipulagningu skólastarfsins. Gaman að heyra að nemendum líður almennt vel og eru ánægðir með kennara og kennsluna.